



9. forsetabréf starfsárið 2010 – 2011

Sauðárkróki 1. september 2011

Sælar allar, ágætu formenn ... og allar góðar systur!

Nú er daginn heldur betur farið að stytta, börn með skólatöskur setja svip sinn á mannlífið. Berjabláir og brosandir munnar, oddaflug gæsanna ... allt þetta staðfestir að sumrinu er að ljúka og vetrarstarfið fer að falla í fastar skorður.

Í bréfi mínu í síðustu viku kannaði ég viðhorf ykkar til þess að færa haustfundinn til sömu helgar og stofnfundur Soroptimistaklúbbsins Við Húnaflóa verður haldinn.

Bestu þakki fyrir að bregðast fljótt og vel við. Eins og þið hafið eflaust séð reyndist mikil samstaða, meðal formanna, um að sameina þessa viðburði. Því staðfesti ég hér með að:

Haustfundurinn verður haldinn á Reykjum í Hrutafirði laugardaginn 5. nóvember.

Fyrirhugað er að bjóða upp á „rútu“, eða jafnvel tvær, frá Reykjavík. Farið yrði síðdegis á föstudag 4.11. Ef þátttaka verður næg gæti önnur lagt af stað norður um kl 16:00 og hin um kl.18.00. Báðar færu líklega suður aftur um hádegisbil á sunnudag. Nijole Netiksiene, forseti litháiska sambandsins, Twinning vinalands okkar, verður gestur okkar á fundinum.

Nánari upplýsingar um rútuferð úr höfuðborginni og fyrirkomulag fundarins verða sendar út í september, ásamt þátttökukönnun. Verður það í nánú samstarfi við undirbúningsstjórn verðandi Soroptimistaklúbbsins Við Húnaflóa☺.

Stofnhátíð Soroptimistaklúbbsins Við Húnaflóa

Verðandi systur undirbúa nú stofnhátíðina þann 5.nóvember og hlakka til að slást í stækkandi hóp íslenskra Soroptimista☺

Ég hvet ykkur til að taka þessa helgi frá, „slá tvær flugur í einu höggi“ og koma til fagnaðarfunda að Reykjum. Sækja ykkur fróðleik um starfsemi samtakanna og hlutverk embættismanna klúbba, ásamt því að taka þátt í einum gleðilegasta viðburði sem verður innan samtaka okkar, þ.e. **Stofnun nýs klúbbs**.

Komum saman og gleðjumst, fylkjum okkur um „yngstu“ systurnar og sýnum systrabælið!

Project Sierra

Þann fyrsta október lýkur tímabili Sierra verkefnisins, en fjár til þess hafa klúbbar aflað með sölu gjafakortanna, Gjöf til betra lífs. Nú er komið að lokauppgjöri okkar til Evrópusambandsins og eru gjaldkerar klúbba beðnir að senda lokagreiðslur og uppgjör vegna sölu kortanna sem fyrst.

Endurskoðun á niðurröðun Landssambandsfunda klúbbana er nú í vinnslu.

„Drög að nýju plani“ verða væntanlega send í byrjun nýs starfsárs, til umsagnar.

Lyklar að Hamraborginni

Nokkur brögð eru að því að lyklar embættismanna SI/Í skili sér ekki til þeirra sem taka við á nýju kjörtímabili. Það er bagalegt. Beini ég því til ykkar allra, sem „einhvern tímann“ hafið fengið lykla að húsnæðinu vegna starfa ykkar fyrir Landssambandið, að athuga hvort verið geti að þeir séu enn í ykkar fórum! Sé svo bið ég ykkur að hafa þá með á haustfundinn og/eða koma þeim til stjórnar.

Hver klúbbur á að hafa eina lykla að Hamraborginni – þeir séu í vörslu formanns hverjii sinni!

➔ Þetta forsetabréf er það seinasta sem ég sendi beint til ykkar. Frá og með nýju starfsári verður einungis send tilkynning um að nýtt bréf hafi verið sett á vefinn okkar – og formenn sækja það þangað☺.

Hittumst heilar á Reykjum helgina 4. – 6. nóvember☺

Með bestu óskum um farsælt starf framundan - og kærum systrakveðjum!

Ykkar, *Ingunn Ásdís Sigurðardóttir*, forseti 2010 - 2012